

Föstudaginn 23. júní 1922.

Nr. 4/1922.

Dorleifur Jónsson

(Björn P. Kalman)

gegn

Ólafi Blöndal

f. h. Tang & Riis

(Pjetur Magnússon),

útaf vanefndum á greiðslu fyrir kjöt.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15. sept. 1921: Stefndi, Dorleifur Jónsson, bóndi á Hömrum í Hraunbreppi, greiði stefnanda Ólafi verlunarstjóra Blöndal í Skógarnesi fyrir bönd Tang & Riis s. st. 666 kr. 34 aur. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. þ. á. til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Aðalágreiningsefnið milli aðilja eins og málið liggur fyrir hæstarjetti, er það, hvort stefndi hafi haft heimild til að láta áfrýjanda ógreiddan fimta hluta þess verðs, er áfrýjandi telur stefnda hafa lofað viðskiftamönnum sínum fyrir sláturafurðir haustið 1919, og nemur sá hluti 668 kr. 10 aur. fyrir áfrýjanda. En rjett sinn til þess byggir stefndi á því, að hann hafi að eins lofað viðskiftamönnum sínum sama verði og Sláturhúsið í Borgarnesi gæfi, og þar sem Sláturhúsið hafi eigi greitt viðskiftamönnum sínum fimta hlutann af upphaflega tilteknu verði þess, þá geti hann heldur ekki verið skyldur til frekari greiðslu. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að stefndi hafi lofað Borgarnesverði eða hæsta verði, er þar fengist, og að þó að loforð stefnda ætti að miðast við verð Sláturhússins, þá hafi stefnda þó brostið

heimild til nefnds frádráttar, þar sem loforð hans hafi verið án allrar takmörkunar.

Það er sannað í málinu, aðallega með verðauglýsingum stefnda, að stefndi hafi, án nokkurrar takmörkunar, lofað viðskiftamönnum sínum sama verði — tilteknu verði eftir flokkum — fyrir sláturafurðir nefnt haust og Sláturhúsið í Borgarnesi ljet uppi þá um haustið fyrir kjötkaupíð. Mátti áfrýjandi því líta svo á, að stefndi hefði lofað verði Sláturhússins, enda hafa kjötkaupmenn bæði í Borgarnesi og Stykkishólmi borgað það verð, án nokkurs frádráttar. Þessari ályktun getur það ekki raskað, þó að Sláturhúsið, sem er í sameign fjelagsmanna sinna, samvinnufjelag, samkv. heimild í fjelagslögum sínum, ljeti *fjelögum* sínum ógreiddan fímtung upphaflega tiltekins verðs síns. Ætti áfrýjandi því í rauninni heimtingu á endurgreiðslu nefnds mismunar, 668 kr. 10 aur., af hendi stefnda. En þar sem áfrýjandi hefir einvörðungu áfrýjað gestarjettardóminum sjer til sýknu og hann með dóminum, auk vaxta og málskostnaðar, var að eins dæmdur til að greiða stefnda 666 kr. 34 aura, þá getur hærri krafa en dómsupphæðin ekki komið hjer til greina, en fyrir henni ber að sýkna áfrýjanda, og þarf þá eigi að rannsaka aðrar varnarástæður hans.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 300 kr. en málskostnaður í hjeraði þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Þorleifur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Blöndal f. h. verslunar Tang & Riis í Skógarnesi.

Málskostnaður í hjeraði falli niður, en málskostnaður fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 300 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags 8. apríl þ. á. hefir Ólafur verslunarstjóri Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd verslunar Tang & Riis s. st. höfðað mál þetta fyrir gestarjetti sýslunnar gegn Þorleifi Jónssyni bónda á Hömrum í Hraunhreppi og hefir stefnandi gjört þær rjettarkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á verslunskuld kr. 712.98 ásamt 7% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Mál þetta er risið út af verslunarviðskiftum stefnda við verslun Tang & Riis í Skógarnesi árin 1919 og 1920. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi lofað því að stefndi fengi allar útteknar vörur við verslunina með sama verði og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, seldi sömu vörutegundir, en þetta loforð hafi stefnandi ekki efnt, heldur fært útteknar vörur með hærri verðlagi, ennfremur hafi stefnandi ekki fært stefnda til tekna $\frac{1}{8}$ hluta verðs sláturfjárafurða frá haustinu 1919 en hafi þó lofað að borga sama verð fyrir þær og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og sú verslun hafi borgað út tjeðan fimta hluta verðsins; loks mótmælir stefndi því, að stefnandi leggur 7% ársvexti á skuld stefnda eins og hún er talin við árslok 1920 og á ný 7% í gestarjettarstefnunni 8. apríl þ. á. Í frumvörn sinni krefst stefndi sýkunar að fullu og auk þess málskostnaðar greiðslu af hálfu stefnanda, en síðar undir rekstri málsins hefir hann að höfðaðri gagnsök sundurliðað kröfur sínar þannig, að hann krefst að sjer verði í viðskiftum við verslunina færðar til tekna eftirgreindar upphæðir:

- | | |
|---|------------|
| 1. Offært verð úttekinnar vöru 1919 miðað við Borgarnesverð | kr. 61.40 |
| 2. Offært verð úttekinnar vöru 1920 miðað við Borgarnesverð | — 37.72 |
| 3. $\frac{1}{8}$ verðs sláturfjárafurða frá haustinu 1919. | — 668.10 |
| 4. 8% vextir af upphæðum þessum samtals kr. 767.22 — | 61.38 |
| Samtals | kr. 828.60 |

Stefnandi hefir mótmælt kröfum stefnda og krafist dóms samkvæmt stefnunni. Stefndi hefir ekki neitað því, að vörumagn úttekinnar og innlagðrar vöru í viðskiftum hans við verslunina þessi ár sje rjett talið, og er því ekki ágreiningur um það, heldur um verðlagið á vörunum.

Til stuðnings kröfum sínum um lækkun á verði úttekinnar vöru 1919 og 1920 niður í verð við verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, hefir stefndi lagt fram vottorð dags 12. maí þ. á. frá 3 bændum í Staðarsveit, þeim Jóni G. Sigurðssyni, Ásmundi Jónssyni og Eiríki Sigurðssyni um að stefnandi hafi lýst því yfir á fundi í Hofgörðum haustið 1920, að sama verð yrði á útteknum vörum í Skógarnesi það ár og hjá versluu Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti af 2 hinum fyrstnefndu vottorðsgefendanna undir rekstri málsins með þeirri athugasemd, að þeir hafi skilið þetta svo, að verðlag þetta ætti að minsta kosti að gilda aðalvörurnar. Ennfremur hefir stefndi lagt fram vottorð stefnanda dags 30. desbr. 1919 um að Þorsteini Einarssyni í Litluþúfu sje lofað verðlagi þessu á matvöru, kaffi og sykri, og einnig vottorð frá Lífjarni Hallgrímssyni á Rauðamel dags 20. maí þ. á. um að hann hafi fengið samskonar afslátt hjá stefnanda samkvæmt loforðum hans; ennfremur brjef stefnanda dags. 13. júlí f. á. til sjera Jóns N. Johannessens á Staðastað, innihaldandi tilboð um sama verð á útteknum nauðsýnjavörum og hjá verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, svo og vottorð Hjörleifs Björnssonar og Halldórs Erlendssonar dags. 21. júní þ. á. um að stefnandi hafi í viðtali í febrúar 1919 í stofunni á Hjarðarfelli sagt, að sama verðlag yrði á útlendri og innlendri vöru og hjá Jónunum í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti í máli þessu.

Að því er snertir vottorð þeirra Staðarsveitinganna athugast, að fyrst og fremst nær það aðeins til viðskifta við verslunina árið 1920 en ekki árið 1919, og að því sleptu verður ekki álit-
ið að stefndi, er árið 1920 bjó á Höfða í Eyjarhreppi, geti byggt rjett til vöruverðs á ummælum stefnanda á fundi í annari sveit. Og þótt nokkrum mönnum hafi verið lofað Borgarnesverði á útteknum vörum, verður ekki þaraf leiddur almennur rjettur viðskiftamanna verslunarinnar, þar á meðal stefnda, til slíks verðlags. Ummæli stefnda í stofunni á Hjarðarfelli við þá Hjörleif Björnsson og Halldór Erlendsson um verðlag hjá stefnanda, geta eigi heldur sem lauslegt tal í viðræðu haft skuldbindandi verkun

fyrir stefnanda, sem alment loforð til viðskiftamanna, er stefndi geti byggt á kröfu um verðlag á útteknum eða innlögðum vörum.

Stefnandi hefir neitað því að hafa lofað stefnda Borgarnes-verði á útteknum vörum, og þar sem stefndi hefir eigi gegn neitun stefnanda sannað, að sér hafi verið lofað öðru verði en í reikningnum greinir, geta athugasemdir hans við verð á úttekinni vöru við verslun stefnanda í Skógarnesi eigi orðið teknar til greina.

Þá hefir stefndi haldið því fram, að sjer beri rjettur til ógoldins fimtahluta af verði sláturfjárafurða þeirra, er hann haustið 1919 hafi lagt inn við verslun stefnanda í Skógarnesi og telur hann tjeðan fimta hluta nema að verðhæð kr. 668.10.

Stefndi heldur því fyrst og fremst fram, að stefnandi hafi lofað sér sama verði fyrir sláturfjárafurðir þetta haust, sem borgað yrði af verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, en því hefir stefnandi neitað og stefndi eigi gegn neitun stefnanda sannað að svo hafi verið.

Um þetta atriði er upplýst í málinu, að verslun Jóns Björnssonar & Co. og Kaupfjelað Borgfirðinga í Borgarnesi borguðu út tjeðan fimtahluta, svo og kaupm. Sæm. Halldórsson í Stykkishólmi, að því er snertir viðskifti hans sunnanfjalls eða í Hnappadalssýslu, en að aftur á móti Sláturhúsið í Borgarnesi, er hafði aðalfjártökura þar þetta haust og rjeð þar verðlaginu, borgaði ekki út fimtahlutann.

Úrlausn þessa atriðis verður því að vera undir því komin, hvaða sláturafurðaverð verslunin hafi lofað viðskiftamönnum sínum yfirleitt haustið 1919. Um þetta er upplýst í málinu með framburði Guðbjarts Óðalsbónda Kristjánssonar á Hjarðarfelli, að stefnandi ljet hann birta í Staðarsveit þetta haust áætlunarverð á sláturfjárafurðum við Skógarnesverslun, sem átti að vera sama og hjá Sláturhúsinu í Borgarnesi.

Ennfremur segir svo í brjefi frá stefnanda til Jóns G. Sigurðssonar Óðalsbónda í Hofgörðum, dags. 6. 1919, framlögðu í málinu af stefnda: „Verslunin hjer ætlar sjer að gefa sama verð fyrir sláturafurðir í haust og Sláturhúsið í Borgarnesi, og treystum við yður til að láta það berast.“ Þetta staðfestist og af 2 brjefum frá nefndum Jóni G. Sigurðssyni til stefnanda framlögðum í málinu, dags. 7. sept. og 11. des. 1919, þar sem skýrskotað er til fyrnefnds brjefs stefnanda dags. 6. sept. 1919 um að Skógarnesverslun borgi sláturafurðir haustið 1919 með sama

verði og Sláturhúsið í Borgarnesi, og einnig af framburði Jóns G. Sigurðssonar sem vitnis í málinu, er jafnframt skýrði frá, að verð á kjóti og gærum 1919 og 1920 hafi hjá Skógarnesverslun verið í samræmi við verð Sláturhússins í Borgarnesi.

Um birtingar verslunariunnar haustið 1919 á verði sláturafurða það haust í öðrum hreppum en Staðarsveit, er ekki upplýst í málinu.

En þar sem þær verðtilkynningar, er fyrirbyggja upplýsingar um, miðast við Sláturhúsið í Borgarnesi og upplýst er, að nefnt Sláturhús borgaði ekki viðskiftamönnum sínum tjeðan fimta part verðs sláturafurðanna frá haustinu 1919, þykir ekki unt að skylda verslunina til að færa stefnda til tekna tjeðan fimta hluta.

Stefnandi hefir á verslunarreikningi stefnda pr. 31. desbr. 1920 skuldað stefnda fyrir 7% vöxtum af skuld hans með kr. 46.64, þótt reikningur stefnda sýni, að hann var skuldlaus í ársbyrjun.

Í gestarjettarstefnunni í málinu svo og í sókn sinni hefir stefnandi enn fremur krafist 7% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags.

Með þessu móti krefst stefnandi tvöfaldra vaxta, og með því að lánsviðskifti við verslunina eru miðuð við greiðslu fyrir árslok, þykir stefnandi aðeins eiga kröfu til vaxta frá ársbyrjun 1921.

Frá kröfu stefnanda	kr.	712.98
ber því að draga umrædda vexti	—	46.64

Eftir verða þá kr. 666.34

og ber að skylda stefnda til að greiða stefnanda upphæð þessa kr. 666 34 ásamt 5% ársvöxtum, sbr. almenn viðskiftalög nr. 31, 11. júlí 1911, 38. gr., frá 1. jan. þ. á. til borgunardags.

Svo ber stefnda og að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 40 kr.